

Borgarstjórinn í Reykjavík
Dagur B. Eggertsson
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. ágúst 2017
Tilvísun: 601 2000

Efni: Skipulagssamkeppni um uppbyggingu á stjórnarráðsreit - Samstarf

Ágæti borgarstjóri

Í framhaldi af fundi okkar í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 9. ágúst síðastliðinn um uppbyggingu á stjórnarráðsreit óskum við eftir samstarfin vegna verkefnisins.

Ytri mörk stjórnarráðsreitsins afmarkast af Ingólfsstræti, Skúlagötu, Klapparstíg og Lindargötu. Innan hans er Sölvhólgata og Skuggasund, sjá mynd:



Gert er ráð fyrir að á reitnum verði framtíðarhúsnæði allra ráðuneyta nema hugsanlega forsætisráðuneytisins. Að auki er gert ráð fyrir að á reitnum komi ríkisstofnanir og e.t.v. dómstólar.

Áætlað er að halda skipulagssamkeppni um verkefnið í upphafi næsta árs, 2018. Að henni lokinni verði gerðar nauðsynlegar breytingar á gildandi deiliskipulagi þar sem byggt verður á niðurstöðum samkeppninnar. Stefnt er að því að gera grein fyrir niðurstöðu dómnefndar og halda sýningu á þeim tillögum sem berast í samkeppninni og verður sýningin í tengslum við aldarafmæli fullveldis Íslands þann 1. desember 2018.

Óskað er eftir því að Reykjavíkurborg tilnefni tengilið vegna væntanlegs samstarfs.



Virðingarfyllst,
f.h. Framkvæmdasýslu ríkisins

A handwritten signature in blue ink that reads 'Örn Baldursson'.

Örn Baldursson, verkefnastjóri

Afrit: Óðinn H. Jónsson, forsætisráðuneytið

Stefán Thors, forsætisráðuneytið

Hafsteinn S. Hafsteinsson, fjármálaráðuneytið